

Ársskýrsla keppnisnefndar vegna 2017

Stefnt var á að halda keppnisviðburðum klúbbsins í sama horfi og árið 2017 og sett upp dagsskrá fyrir sex keppnir þetta árið. Ekki varð þó úr nema fjórum af sex keppnum og töldu allar til stiga Íslandsmeistara. Stigagjöf var eins og áður.

Keppnirnar voru:

- Reykjavíkurbíkarinn (10 km) 6. maí
- Spretróður 8. júní
- Hálfmarabon 16. september
- Bessastaðakeppnin 30. september

Reykjavíkurbíkarinn var með hefðbundnu sniði og tókst ágætlega til, ný róðrarleið sem flestir voru sammála um að væri kærkomin breyting frá því sem áður hefur verið. Í stað þess að fara beint vestur fyrir Geldinganesið var nú róíð fram hjá Fjósaklettum, undir Gufunesbryggjuna og að baujunni sem er suðvestur af bryggjunni og þaðan vestur fyrir Geldinganes og þegar komið var að austurenda Geldinganes var farið beint í austur að bauju við minni Leirvogs norður af Bessastaðakró og þaðan svo beint í mark við aðstöðu klúbbsins.

Spretróðurinn 8. júní var skemmtilegur eins og árið áður, allir voru jafnir, eins bátar og sams konar klunnalegar og þungar klúbbárar. Tóks vel og skemmtilegt til áhorfs.

Hálfmarabonið átti upphaflega að vera 2. september en vegna veðurs frestaðist það að lokum til 16. Septembers og keppnin fór fram að lokum og í þetta skiptið var róíð frá Geldinganesinu í Nauthólsvík þar sem það þótti hagstæðara vegna austan strekkings, enda kom í ljós að róðurinn inn Skerjafjörðinn var ansi erfiður og tveir keppendur lögðu árar í bát og fengu aðstoð hjá björgunarsveitinni sem var til aðstoðar.

Bessastaðakeppnin var haldin fyrir tilstuðlan Kayakklúbbsins Sviða og siglingaklúbbsins Þyts í Hafnarfirði þann 30. september, en henni hafði verið frestað vegna veðurs helgina áður. Ný róðrarleið var farin, frá aðstöðu Sviða á Álftanesi og inn í höfnina í Hafnarfirði og alveg að rampnum við aðstöðu Þyts. Veður var eins og best verður á kosið og tókst keppnin með ágætum. Vonar keppnisnefndin að þessi keppni komi til með að festast í sessi.

Hallarbíkarakeppnin, sem verið hefur í umsjá Kayakhallarinnar, var ekki haldin þetta árið og skýringa þarf að leita hjá Kayakhöllinni hvers vegna svo fór.

Tæknikeppnin féll niður þar sem sundlaugin var mikið lokuð vegna viðgerða og þess fyrir utan mikið um sundkeppnir þá daga sem Kayakklúbburinn sá sér fært að halda keppni, en vonandi verður framhald á því á næsta keppnistímabili 2018.

Flokkun báta var eins og áður, ferðabátar og keppnisbátar, til ferðabáta teljast þeir sem hafa stuðulinn ≤ 11 (lengd / breidd) en keppnisbátar þeir sem hafa stuðulinn > 11 .

Varðandi úrslit, myndir og aðrar upplýsingar um keppnirnar á árinu 2016 vil keppnisnefndin benda mönnum á að skoða vefsíðu Kayakklúbbsins.

Það sem var einkennandi fyrir þetta keppnisár var þó nokkuð minna áhorf og þáttaka en áður. Ekki er auðvelt að henda reiður á hvers vegna, en nokkuð ljóst að það þarf að taka til endurskoðunar hvert og hvernig framhald megi verða á þessum keppnum. Í rauninni eru það ekki nema um það bil 10 manna kjarni sem hefur áhuga á að standa í þessu, og jafnvel innan þess hóps er ekki samstaða um keppnisreglur, og þetta getur kostað klúbbinn skildinginn, svo þá má kannski velta því fyrir sér hvort ekki eigi að koma þessu í hendurnar á SÍL eða jafnvel fella þetta niður. Svo má ef til vill finna einhverja öfluga leið til að auka þátttöku og áhuga.

Keppnisnefnd 15. febrúar 2018

Ágúst Ingi Sigurðsson
Eymundur Ingimundarson
Helga B. Haraldsdóttir
Þorbergur Kjartansson